

Hvannadalshnjúkur 2009!

Spennandi áskorun fyrir þá sem hafa astma og metnað!



Ljósmynd Bjarni Thorbjörnsson

Astma- og ofnæmisfélagið efndi til átaksverkefnisins *Astma Maraðon* í Reykjavík 2008 í samvinnu við lyfjafyrirtækið *AstraZeneca* á Íslandi og *World Class* haustið 2007. Tilgangurinn var að sýna einstaklingum með astma að með góðu eftirliti og meðhöndlun þarf astmi ekki að aftra fólki frá því að taka þátt í íþróttum eða njóta sín til fulls að öðru leyti. Hápunktur verkefnisins verður þátttaka í *Reykjavíkurmaraðoninu* í ágúst á þessu ári.

Verkefnið hefur makið mikla athygli meðal fólks með astma og voru marg-

ir áhugasamir. Við viljum því halda áfram að sigrast á okkur sjálfum, með réttu hugarfari, réttri notkun lyfja og leiðsögn.

Næsta takmark *Astma- og ofnæmisfélagsins* í samvinnu við lyfjafyrirtækið *AstraZeneca* verður að hópur fólks með astma standi á hæsta tindri Íslands, sjálfum Hvannadalshnjúki vorið 2009. Hvannadalshnjúkur er hæsti tindur eldkeilunnar undir Örefajökli og samkvæmt nýjustu mælingum (ágúst 2005) er hæð hans 2.109,6 metrar yfir sjávarmáli.

Nánari upplýsingar verða fyrst birtar á vef *Astma- og ofnæmisfélagsins* www.ao.is. Félagsmenn munu fyrstir fá sendar fréttir af verkefninu. Það er því mikilvægt fyrir þá sem hafa áhuga á að taka þátt að gerast félagar í *Astma- og ofnæmisfélaginu*. Það er hægt að gera með því að skrá sig á vefsíðunni.

Bjarnfríður Guðmundsdóttir, hjúkrunarfræðingur og sölufulltrúi hjá *AstraZeneca*